

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1630****2018/EES/85/28****frá 9. september 2016**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við beitingu á umbreytingarráðstöfuninni fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum sjöttu undirgrein 13. mgr. 308. gr. b,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að geta beitt umbreytingarráðstöfuninni sem sett er fram í 13. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB ættu váttrygginga- og endurtryggingafélög að geta sýnt eftirlitsyfirvöldum sínum fram á að kaupin á hlutabréfunum sem falla undir þá umbreytingarráðstöfun hafi farið fram 1. janúar 2016 eða fyrr. Í því skyni ættu váttrygginga- og endurtryggingafélög að fylgja ákveðnum verklagsreglum fyrir viðeigandi auðkenningu og skjalfestingu þessara hlutabréfa.
- 2) Til að tryggja samræmd skilyrði og fullnægjandi stjórn á beitingu umbreytingarráðstöfunarinnar, ættu váttrygginga- og endurtryggingafélög að halda skrár þar sem tilgreindar eru allar breytingar sem hafa áhrif á fjölda hlutabréfanna sem falla undir umbreytingarráðstöfunina. Þau ættu að uppfæra skrárnar í hvert sinn sem þau reikna út gjaldþolskröfuna í samræmi við staðalregluna til þess að tilgreina hlutabréfin sem falla undir umbreytingarráðstöfunina.
- 3) Fyrir hlutabréf, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða aðrar fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir þegar gegnsæisáðferðin er ekki möguleg, er í ákvæðum 2. mgr. 173. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽²⁾ sett fram aðferðafræði til að tilgreina fjölda hlutabréfanna sem keypt hafa verið fyrir 1. janúar 2016 og þess vegna er ekki þörf á að rekja kaupdagsetningu þessara hlutabréfa. Viðkomandi kaupdagsetning sem á að auðkenna og skjalfesta ætti að vera kaupdagsetning hluta eða hlutdeildar í þessum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða í öðrum fjárfestingum sem pakkaðar eru sem sjóðir.
- 4) Félög ættu að taka með í skrár sínar kaupdagsetningu hlutabréfanna, hlutanna eða hlutdeildarinnar sem umbreytingarráðstöfunin gildir um. Enn fremur ætti yfirgripsmikil skjalfesting og upplýsingar til að ganga úr skugga um að skilyrðin fyrir að beita umbreytingarráðstöfuninni séu uppfyllt að vera gerð aðgengileg eftirlitsyfirvöldunum, sé þess óskað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 243, 10.9.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

- 5) Ef váttrygginga- og endurtryggingafélög selja hlutabréf, hluti eða hlutdeild sem um getur í 173. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 og kaupa síðan til baka sams konar hlutabréf, hluti eða hlutdeild eftir 1. janúar 2016, mun fjárhæð hlutabréfa, sem falla undir umbreytingarráðstöfunina, lækka í samanburði við fjárhæðina sem upphaflega var tilgreind. Málsmeðferðin sem váttrygginga- eða endurtryggingafélagið fylgir ætti þess vegna að tryggja að hlutabréf sem áfram falla undir umbreytingarráðstöfunina eftir slíka sölu og síðari kaup hlutabréfa, hluta eða hlutdeildar séu aðgreinanleg frá öllum öðrum hlutabréfum, hlutum eða hlutdeild.
- 6) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þegar vægi staðalstikans sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 13. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB er lægra en 100%, skulu váttrygginga- og endurtryggingafélög halda skrár um hlutabréfin sem um getur í 173. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 og um dagsetningarnar á kaupum sínum. Ef þessum hlutabréfum er haldið innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða annarra fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir og ekki er mögulegt að nota gegnsæisáðferðina, skulu félög eingöngu halda skrár um hlutina eða hlutdeildina í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu eða í öðrum fjárfestingum sem pakkaðar eru sem sjóðir, sem 2. mgr. 173. gr. gildir um, og um dagsetningarnar á kaupum sínum.

2. Váttrygginga- og endurtryggingafélög skulu veita eftirlitsfirvaldinu allar nauðsynlegar upplýsingar sem tengjast þessum hlutabréfum, hlutum og hlutdeild, og skjalfesta sönnun fyrir kaupdeginum, sé þess óskað.

3. Skrárnar sem um getur í 1. mgr. skulu uppfærðar í hvert sinn sem váttrygginga- eða endurtryggingafélagið reiknar út gjaldþolskröfuna með því að nota umbreytingarráðstöfunina sem sett er fram í 13. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB.

4. Ef váttrygginga- og endurtryggingafélög selja hlutabréf, hluti eða hlutdeild eins og um getur í 1. mgr., sem keypt voru 1. janúar 2016 eða fyrr, og kaupa síðan sams konar hlutabréf, hluti eða hlutdeild eftir 1. janúar 2016, skulu váttrygginga- og endurtryggingafélög tryggja að eftirstandandi hlutabréf, hlutir eða hlutdeildir sem keypt voru 1. janúar 2016 eða fyrr, séu tilgreind í samræmi við 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
